

Föstudaginn 10. okt. 1930.

Nr. 131/1929.

Réttvísinn (Pétur Magnússon)
gegn

Jóhannesi Jóhannessyni
(Magnús Guðmundsson).

Vanræksla í embættisfærslu.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. nóv. 1929: Ákærður, Jóhannes Jóhannesson, sæti einföldu fangelsi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað og skal hon niðurfalla að liðnum 5 árum frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, eru haldin.

Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið höfðað gegn ákærða, Jóhannesi Jóhannessyni fyrirv. bæjarfógeta í Reykjavík, fyrir brot á 13. kap. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869; hefir málið verið rekið skriflega hér fyrir réttinum eftir beiðni sækjanda og verjanda og með samþykki réttarins. Hafa af verjanda hálfu verið lögð fram ýms ný skjöl málinu til skýringar.

Ákærða er gefið að sök óheimil skiftameðferð dánar- og þrotabúa, meðan hann var skiftaráðandi í Reykjavík, frá ¹⁴ 1918 til ^{31 12} 1928.

Er hann einkum sakaður um það, að hann hafi eigi tekið sér fram um, að ávaxta búafé, er undir hans höndum hefir verið, að hann hafi sjálfur tekið þá vexti, er ætla meg, að búaféð hafi raunverulega gefið, meðan það stóð inni hjá honum sem skiftaráðanda, og að hann hafi tekið inneignir búa úr bönkum og sparisjóðum og flutt þær í sjóð embættisins og hafi sjálfur notið vaxta af, en eigi búin.

Ákærði hefir viðurkennt, að hann hafi almennt fylgt þeirri reglu, að ávaxta eigi fé búa, þeim til hagnaðar, á meðan þau voru undir skiftum, og verður þetta að visu ekki talin góð og hagkvæm stjórn á fé búanna, þar sem um verulegar fjárhæðir var að ræða og búskiftin tóku svo langan tíma, að ávöxtun fjárens hefði verið verulegt fjárhagsatriði fyrir þau. En þar sem hvorki reglugjörð nr. 6, 17. júní 1915, er var í gildi alla framantalda embættistið ákærða, né skiftalögin 12. apríl 1878, eða önnur lög, er þá voru í gildi, skylda skiftaráðendur til að ávaxta búafé, meðan á skiftum stendur, þá verður vanræksla í þessu efni eigi talin refsiverð fyrir ákærða.

Að því, er snertir það ákæruatriði, að ákærði hafi sjálfur tekið þá vexti, er búaféð hafi raunverulega gefið meðan það stóð inni hjá honum — og er þá átt við allt búafé í hans vörzlum, að fráskildu því fé, er honum var afhent sem vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, þá hefir ákærði skýrt svo frá, að í nokkrum búum, þar sem um mikið fé hafi verið að ræða, og dráttur á skiftunum hafi verið fyrirsjáanlegur, hafi hann sett fé búsins eða nokkuð af því á vöxtu í banka á nafn búsins, því til hagnaðar, en annars hafi hann venjulega lagt fé búanna í sjóð embættisins. Þetta fé hafi hann notað sem rekstrarfé embættisins jöfnum höndum við annað fé í embættissjóði, en það af því, sem ekki hafi þurft að nota sem rekstrarfé, hafi hann geymt — sumpart í fjárhirzlum embættisins heima hjá sér og sumpart á hlaupareikningi í bönkum; hafi hann fylgt þessari reglu alla tíð síðan hann varð embættismaður, 1894, og hafi öllum verið þetta kunnugt, bæði þeim, er fé hafi átt að taka úr búunum, en þeir samþykkt skiftin undantekningarlaust, svo og yfirboðurum sínum; hafi embættisskoðun oft farið fram hjá

sér; þetta þá legið opið fyrir og engin athugasemd verið gjörð út af því. Sérstaklega hefir ákærði bent á það, að nafngreindur endurskoðandi frá stjórnarráðinu hafi seint á árinu 1920 athugað aðalreikningsbók embættisins um búafé, svo sem bókin bæri merki, og að sér hafi ekki fremur þá en áður verið tilkynnt, að neitt hafi þótt athugavert við þetta. Telur ákærði, að hann hafi fylgt sömu reglu í þessu efni sem aðrir skiftaráðendur.

Ákærði hefir viðurkennt, að vextir af því fé, er hér ræðir um og geymt var í bönkum, hafi runnið til sín sem embættistekjur til reksturs embættisins, en eigi til búanna, og telur hann þetta vera réttmætt. Fé það, er skiftaráðandi veiti móttöku, sé einn hluti af embættissjóði, er sæti sömu reglum sem rikissjóðsfé, en það hafi verið föst venja, einnig eftir að reglugjörð um opinber reikningsskil, 17. júní 1915, gekk í gildi, að embættismenn njóti til embættisrekstursins vaxta af fé embættissjóðs, er sett hafi verið um stundarsakir til geymslu í banka og biði þar útborgunar, enda telur ákærði þetta eðlilegt, þegar um skiftafé sé að ræða, því mikil peningaábyrgð og kostnaður sé samfara skiftameðferð búanna. Því til sönnunar hefir hann skýrt frá því, að hann í eitt skifti hafi orðið að greiða af eigin fé 4000 kr. fyrir mistök við búskifti, og síðan það hafi komið fyrir, hafi hann síðustu 4¼ árin (okt. 1924—dez. 1928) haft mann í þjónustu sinni, aðallega sér til aðstoðar við búskiftin, og greitt honum 200 kr. í laun á mánuði af eigin fé, er hann hafi eigi fengið endurgreitt sem embættiskostnað, og muni vextir, er til hans hafi runnið af geymslufé búa í bönkum, eigi gera betur en hrökkva fyrir töpum og kostnaði sínum við búskiftin.

Um ýms af þeim atriðum, er hér hafa verið nefnd

og máli skifta, hefir rannsókn málsins verið mjög ófullkomin, þannig hefir rannsóknardómarinn eigi rannsakað, hve mikið af búafénu í vörzlum ákærða hafi á hverjum tíma verið á vöxtum í banka, og er það þar af leiðandi ekki upplýst, hve miklar vaxtatekjur ákærði hafi haft af fé búanna, því vaxtaútreikningur sá, er rannsóknardómarinn hefir látið gjöra, gefur ekki ábyggilegar upplýsingar um þetta. Þá er það ekki rannsakað, hvort skýrsla ákærða um töp hans og kostnað af búskiftunum sé rétt. Enginn af þeim, er fé átti að taka úr búunum, hefir verið yfirheyrður, og verður því af rannsókninni eigi ráðið, hvort réttir eigendur eða umráðamenn búafjárins hafa samþykkt meðferð ákærða á því. Þá er það ekki nægilega upplýst í prófunum, hvort ákærði hermir það rétt, að endurskoðandi stjórnarráðsins hafi athugað aðalreikningsbók bæjarfógetaembættisins árið 1926 og ekki gert athugasemdir við hana. Eigi hefir heldur verið leitað nægilegra upplýsinga um það, hvort yfirboðurum ákærða hefir verið kunnugt um, að ákærði reiknaði eigi búum vexti af inneign þeirra í embættissjóði, né heldur hverri reglu aðrir skiftaráðendur hafi fylgt um geymslu búafjár og ávöxtun þess. Undir rannsókn málsins var þess þó af hálfu ákærða farið á leit, að tveir elztu skiftaráðendur landsins í nágrenni Reykjavíkur yrðu yfirheyrðir og látnir gefa skýrslu um þetta, en rannsóknardómarinn synjaði ákærða um það.

Af þeim ófullkomnu upplýsingum, sem fyrir hendi eru, þykir mega ráða, að það hafi verið venja að láta embættismenn njóta vaxta af fé í embættissjóði, er þeir geymdu um stundarsakir í banka, og beið þar útborgunar, og að það yfir höfuð hafi verið venja skiftaráðenda, eftir að reglugjörð 17. júní 1915 gekk í gildi, að leggja búafje, er inn til þeirra greiddist, í sameig-

inlegan sjóð embættisins, og greiða búunum eigi vexti af því, meðan það stóð þar, nema um verulegar upphæðir hafi verið að ræða, eða dráttur á búskiftunum hafi verið fyrirsjáanlegur. Að eigi hafi verið venja að greiða vexti af fé búa í sameiginlegum embættissjóði, á það bendir einnig það, að þegar ríkissjóður hefir, samkvæmt 100. gr. skiftalaganna, orðið að greiða búafé, er staðið hefir inni hjá skiftaráðanda, þá hefir ríkissjóður eigi, svo vitað sé, greitt búum vexti af innstæðunum. Ennfremur er það ljóst, að ákvæði síðari hluta 8. gr. í lögum nr. 67/1928, um að embættismenn þeir í Reykjavík, er ræðir um í lögnum, þar með talinn skiftaráðandi, skuli ávaxta fé það, er þeir hafi undir höndum vegna embættis síns, til hagnaðar fyrir eigendur þess, hvílir á þeirri forsendu, að hér sé um nýmæli að ræða, enda er þá jafnframt ákveðið, að rekstur umræddra embætta greiðist úr ríkissjóði, en lög þessi öðluðust gildi 1. jan. 1929, samtímis því, er ákærði lét af embætti. Og í umræðunum á Alþingi um lög nr. 25/1929, er lögleiða almenna skyldu fyrir skiftaráðendur til að ávaxta búafé í bönkum og sparisjóðum, til hagnaðar fyrir eigendur þess, kemur það skýrt fram, að gengið hefir verið út frá því, að til þess tíma hafi sú venja viðgengizt, að skiftaráðendur hafi notið vaxta af fé búa undir skiftum, til reksturs embættis síns.

Að öllu þessu athuguðu verður ákærða eigi refsað fyrir það út af fyrir sig, að hann hefir eigi tilfært búum vexti í hér umræddum tilfellum. En hins vegar var ákærða, sem skiftaráðanda, skylt, þegar verulegt fé, búi tilheyrandi, lá hjá honum, eða í embættissjóði, vaxtalaust, og fyrirsjáanlegt var, að dráttur yrði á skiftunum, að aðvara rétta umráðamenn fjáris um það, og gefa þeim kost á að taka ákvörðun um ávöxt-

un þess, og sömuleiðis var honum skylt að sjá um, að enginn ónauðsynlegur dráttur yrði á skiftum bú-
ins, en í þessu hefir orðið misbrestur hjá ákærða, og
er vanræksla hans í þessu efni refsiverð samkvæmt
144. gr. hegningarlaganna.

Þá er það sannað, að ákærði hefir haft þá venju,
að hefja innstæður, er bú hafa átt í bönkum og spari-
sjóðum, og leggja þær inn í sjóð embættisins. Hefir
ákærði neitað því eindregið og afdráttarlaust, að hann
hafi gjört þetta í ávinningsskyni, en kveðst hafa hag-
að þessu þannig, til þess að vera ætíð undir það bú-
inn, að geta borgað útgjöld búanna með peningum
eða ávísunum á banka, en hitt hafi verið ógerlegt
með þeim starfskröftum, er hann hafi haft á að skipa,
að hafa banka- eða sparisjóðskontó fyrir hvert ein-
stakt bú, enda hafi það verið ætlun sin, að skifta bú-
unum þá þegar, eða mjög fljótt, eftir að innstæðan
var hafin, þótt þessu á stundum hafi ekki orðið fram-
gengt. Hafi reglan verið sú, að búunum hafi verið
gjörð grein fyrir vöxtum til þess dags, er innstæðan
var tekin út, en þar á móti hafi búinu ekki verið
reiknaðir neinir vextir eftir að féð var komið inn í
sjóð embættisins. Hefir í allflestum eða öllum tilfell-
um verið lögð fram á skiftafundi skilagrein fyrir inn-
stæðum og vöxtum til þess dags, er innstæðan var
tekin út. Hefir skrifstofa lögmannsins í Reykjavík tekið
þessar skilagreininir út úr búskjölunum, og þær verið
lagðar fram af nýju í hæstarétti.

Undir rannsókn málsins var þess farið á leit af hálfu
ákærða, að rannsóknardómarinn léti búa til sérstakan
útreikning yfir vöxtu af því fé, sem ákærði hefir tekið
út úr sparisjóðsbókum búa, frá því er það var tekið
út og til þess, er það var útborgað, eða skifti fóru
fram, en með því, að það var eigi gjört, hefir hinn

skipaði verjandi látið semja skrá yfir öll þau bú, þar sem sparisjóðsinnstæður hafa verið hafnar — þar með þó eigi talin innritunarskirteini —, og reikna út vextina. Samkvæmt skrá þessari, er lögð hefir verið fram í hæstarétti, hefir ákærði hafið sparisjóðsinnstæður í 88 búum, og hafa vextir af innstæðunum á þeim tæplega 11 árum, er ákærði hefir gegnt bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, getað numið samt. kr. 9971,83, reiknað með vaxtafæti $3\frac{3}{4}\%$. Í 50 búum hafa vextirnir ekki numið meiru en 50 kr., og í mörgum þeirra undir 10 kr. Í nokkrum af búum þeim, er vextirnir hafa numið hærri upphæð, er það sjáanlegt, að ástæða hefir verið til að taka upphæðirnar út að öllu eða nokkru leyti; þannig má t. d. nefna dánarbú Mortens Hansen. Þar hafa verið, hinn 24. sept. 1923, hafnar sparisjóðsinnstæður að upphæð um 43000 kr., en daginn eftir hafa tveimur erfingjum verið greiddar 30000 kr. fyrirfram upp í arf, og þriðja erfingjanum 5000 kr. tveim mánuðum síðar.

Það er nú að visu ljóst, að ákærði hefir í mörgum búum hafið innstæður búsins úr sparisjóði, án þess að séð verði af aðalreikningsbókum eða skiftabókum embættisins, að úttektin hafi verið nauðsynleg vegna útborgana úr búinu, en engu að síður verður það þó ekki álitíð, að ákærði hafi gjört þetta í þeim tilgangi, að afla sér óréttmæts ávinnings, og brestur því heimild til að refsa honum fyrir þetta eftir 142. gr. hegningarlaganna, enda bera skiftabækurnar það með sér, að í flestum þeim búum, þar sem verulegar sparisjóðsinnstæður hafa verið hafnar, hafa erfingjar eða umboðsmenn þeirra mætt í skiftalok, samþykkt skiftin og gefið skilyrðislausu kvittun fyrir arfinum. Hinsvegar bar ákærða rik skylda til, að láta eigi skifti búa þessara dragast að nauðsynjalausu, eftir að innstæður

voru hafnar, en af rannsókn málsins og skiftabókunum þykir það ljóst, að skiftin hafa í eigi allfa skifti dregizt lengur en nauðsyn bar til, og þótt aðkallandi embættisannir og dagleg störf, sem ekki mátti fresta, hafi valdið miklu í þessu efni, verður það þó í ýmsum tilfellum eigi talin nægileg réttlætning á drætti búskiftanna, og verður því að telja dráttinn refsiverðan, samkvæmt 144. gr. hegningarlaganna.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber og að greiða allan kostnað máls þessa, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, sem ákveðast 200 kr. til hvors.

Mál þetta kom til réttarins í byrjun dezbr.mán. f. á., og var þá þegar skipaður sækjandi og verjandi; skiftust þeir svo á sóknar- og varnarskjölum, og var málið því næst lagt í dóm 23. júní þ. á., en þar sem málið er umfangsmikið, og mikil vinna hefir verið lögð í sókn þess og vörn, og margra nýrra skjala aflað af verjanda hálfu, málinu til upplýsingar, þá þykir dráttur sá, er orðið hefir á sókn þess og vörn, réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jóhannes Jóhannesson, sæti 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti,

málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Magnúsar Guðmundssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Aths. fors.: Það var ágreiningur í þessu máli.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Jóhannesi Jóhannessyni, fyrverandi bæjarfógeta í Reykjavík, til heimilis Suðurgötu 4 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 13. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins hófu þeir Gissur Bergsteinsson cand. juris og Björn Steffensen endurskoðandi embættisathugun hjá ákærðum 1. nóvbr. f. á. Við skoðunina urðu þeir þess áskynja, að ákærði ávaxtaði yfirleitt ekki fé búa þeirra, sem hann sem skiftaráðandi hafði með höndum, búunum til hags. Endurskoðendurnir gáfu síðan dómsmálaráðuneytinu bráðabirgðaskýrslu, dags. 16. janúar þ. á., sem lögð hefir verið fram í máli þessu. Með skírskotun til þeirrar skýrslu fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið sakamálsrannsókn á hendur ákærðum og sakamálshöfðun að rannsókn lokinni, fyrir brot gegn ákvæðum 13. kap. alm. hegningarlaga, og fól Bergi Jónssyni, sýslumanni í Barðastrandarsýslu, sem setudómara að framkvæma rannsóknina og fara með málið, með bréfi, dags. 19. janúar þ. á. Dómur var kveðinn upp í því máli í aukarétti Reykjavíkur hinn 14. febr. þ. á., en honum var, samkvæmt ósk dómfellda, skotið til hæstaréttar, og með dómi þess réttar, uppkveðnum 26. apríl þ. á., var dómurinn og öll meðferð málsins í undirrétti ómerkt frá upphafi til enda, vegna þess að skipun setudómarans væri ólögmæt.

Hinn 25. júlí þ. á. var Bergi Jónssyni, með konunglegri umboðsskrá, alið að hefja rannsókn á hendur ákærðum fyrir brot á 13. kap. hegningarlaganna frá 1869, vegna meðferðar sem embættismanns á fé dánar- og þrotabúa, og jafnframt falið að höfða og dæma mál, ef þurfa þætti. Að lokinni rannsókn var sakamálshöfðun fyrirskipuð, og hefir hinn skipaði dómari farið með málið, samkvæmt hinni konunglegu umboðsskrá.

Með framangreindri skýrslu embættisskoðunarmannanna, og

aðalreikningsbókum, höfuðbók og skiftabókum bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, svo og játningu ákærðs sjálfs, er það sannað, að ákærður hefir, sem skiftaráðandi í Reykjavík frá $1\frac{1}{4}$ 1918— $31\frac{1}{12}$ 1928, ekki haft þá venju, að ávaxta fé dánar- og þrotabúa, sem í vörzlum hans var, fyrir þau, eða reikna þeim vexti af inneign hjá sér. Á greindu tímabili hefir hann haft til meðferðar 293 bú, og samkvæmt aðalreikningsbók og höfuðbók haft inn- og útborganir í 231 búi. Í einu búi hefir hann reiknað búinu vexti yfir allt skiftatímabilið, og hefir innstæðan þar verið óhreyfð í sparisjóðsbók yfir allan tímann. 4 búum hefir ákærður reiknað vexti af innstæðum hjá sér yfir nokkurn hluta þess tíma, sem þau voru undir skiftum, auk þess sem þeim búum, sem átt hafa sparisjóðsbækur eða innlánsskirteini í bönkum, hafa verið reiknaðir vextir til þess tíma, er skiftaráðandi hóf innstæðurnar.

Ákærður skýrir svo frá, að hann hafi haft sömu venju frá því fyrst að hann tók við embætti hér á landi árið 1894, sem settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, og þá líka á tímabilinu 1897—1918, er hann var bæjarfógeti á Seyðisfirði og sýslumaður í Norður-Múlasýslu, en með því að málshöfðunarskipunin virðist aðeins ná yfir embættistið ákærðs sem bæjarfógeta í Reykjavík, hefir rannsóknin eingöngu beint að því tímabili.

Í stað þess að ávaxta búaféð fyrir búin sjálf, á meðan skifti hafa staðið yfir, hefir ákærður látið féð að mestu renna saman við annað fé embættisins, sem sé rikissjóðsfé og uppboðsfé, og ávaxtað það á hlaupareikningi í bönkum, sjálfum sér til hags, að því undanskildu, sem verið hefir á hverjum tíma í sjóði á skrifstofunni. Hvað mikið af búafé hafi legið ávöxtunarlaust á skrifstofunni að jafnaði, verður ekki séð, vegna þess að fé embættisins hefir verið ósundurgreint, þegar farið hefir verið með það í bankann, en með tilliti til þess, að bankar hafa verið alveg við hendina og því hægurinn nær, að greiða nauðsynlegar útborganir með ávisunum á banka, virðist hafa verið óþarft, að hafa nema litilsháttar fjárupphæðir liggjandi á skrifstofunni, og ósennilegt, að svo hafi verið.

Til þess að fá yfirlit yfir það, hversu miklir vextir hafi tilfallið ákærðum af búafé, á því tímabili, sem hann var bæjarfógeti í Reykjavík, reiknuðu 2 æfðir bankamenn út vexti af búafénu, þannig, að lagðar voru til grundvallar inn- og útborganir, samkvæmt færslum ákærðs í aðalreikningsbók og höfuðbók embættisins, og reiknaðir vextir og vaxtavextir af

inneignum hvers bús fyrir sig. Vaxtafótur var talinn $3\frac{3}{4}\%$, en þann vaxtafót hefir ákærður haft af hlaupareikningsinnstæðum sínum í bönkunum, allt embættistímabilið. Niðurstaðan af útreikningnum varð kr. 60,104,31.

Ákærður hefir viðurkennt útreikninginn reikningslega réttan, en heldur því fram, að niðurstaðan sé villandi, ef skilja beri hana svo, að hann hafi haft svo miklar vaxtatekjur af geymslufé búa. Hann kveðst að vísu ekki hafa haldið sérstakan reikning yfir vaxtatekjur sínar, en til stuðnings fullyrðingu sinni hefir hann haldið því fram, í fyrsta lagi, að rangt sé að reikna daginn, sem innborgunin er tilfærð í aðalreikningsbók eða höfuðbók, því litlar líkur séu til þess, að féð hafi verið lagt sama dag í bankann, í öðru lagi muni talsvert af fénu alltaf hafa legið í sjóði á skrifstofunni, og í þriðja lagi hafi verið reiknaðir vextir af uppboðsandvirði frá þeim degi, sem það er tilfært, búum til tekna, en það sé rangt, því oft hafi uppboðsskuldirnar ekki verið komnar inn.

Fyrsta atriðið mun vafalaust hafa við nokkur rök að styðjast, en bæði er, að sú hækkun útkomunnar, sem af þeirri reikningsaðferð kann að hafa leitt. nemur sáralitlu, samkvæmt skoðun ákærðs kringum 1000 kr., og í öðru lagi verður að taka tillit til þess, að mismunurinn jafnast sennilega talsvert við það, að fé, sem útborgað hafi verið með ávisunum, kann að hafa staðið stundum nokkuð lengur inni í bönkum, heldur en aðalreikningsbók eða höfuðbók sýnir, vegna þess, að dregist hafi að hefja þær, og enn fremur, þegar hafnar hafa verið banka-inneignir, er ótrúlegt annað, en að féð hafi samstundis verið fært yfir á hlaupareikninginn, ef ekki hefir þurft að greiða neitt, eða aðeins lítinn hluta þess, út um leið. Öðru atriðinu er svar að að framan og vísast til þess, er þar er sagt. Viðvikjandi þriðja atriðinu, um það, að uppboðsandvirði hafi eigi verið innkomið, þegar það er tilfært, ber þess að gæta, að samkvæmt aðalreikningsbók og höfuðbók, virðist venjulega hafa verið liðnir nokkrir mánuðir frá því, að uppboð var haldið og þar til andvirðið er tilfært búi eftir skilagrein. Er það þann veg alstaðar, þar sem dagsetningar er getið við uppboðin. Þannig er 2 þrotabúum, á bls. 107 og 108 í höfuðbók, tilfært uppboðsandvirði $\frac{8}{1}$ 1921, frá uppboðum $\frac{10}{5}$ 1920 og $\frac{11}{6}$ 1920, og síðara búinu tilfært uppboðsandvirði $\frac{18}{4}$ 1922 frá uppboði $\frac{1}{5/11}$ 1921. Stundum er uppboðsandvirði tilfært á næsta almanaksári eftir uppboðið. Aðalreglan virðist samt sú, að til-

færa uppboðsandvirði í árslok, og virðist einsætt að ganga út frá því, að oftast hafi nokkrir mánuðir verið liðnir frá uppboði og gjaldfrestur því fyrir nokkru um garð genginn. Samkvæmt því, og með tilliti til 31. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, verður að ætla, að uppboðsandvirði hafi venjulega verið innkomið að miklu leyti, þegar það hefir verið tilfært búum.

Samkvæmt framanrituðu er rétturinn þeirrar skoðunar, að framangreindur vaxtaútreikningur sé ekki fjarri lagi. Að minnsta kosti virðist ekki hægt að komast nær því rétta. En jafnframt skal þess getið, að vextirnir voru í þrotabúum aðeins reiknaðir til þess dags, er úthlutunargjörð er lögð fram til sýnis, sem sé 5 vikum fyrir þann skiftafund, sem aðalútborgun getur í fyrsta lagi farið fram á, og í dánarbúum til skiftalokadags. Hefir því skiftaráðandi oft haft vexti af inneignum alllöngum tíma lengur en reiknað er, alltaf í þrotabúum í 5 vikur og í mörgum búum talsvert lengur, vegna þess að féð hefir eigi verið sótt. Geta því vaxtatekjur ákærðs hafa verið nokkuð hærri, þótt eigi beri að ámæla honum fyrir það.

Svo sem eðlilegt er, hafa eignir búa þeirra, sem ákærður hefir haft til meðferðar, verið allmargvislegar. En hér verður aðeins rætt um það fé, sem skiftaráðandi hefir fengið í sínar vörzlur í peningum eða peningaigildi. Uppboðsfé hefir þegar verið nefnt. Auk þess má telja andvirði muna, seldra á annan hátt en á uppboðum, reiðupeninga, innheimtar skuldir, húsaleigu, andvirði og arður af skuldabréfum, ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum, hlutabréfum o. s. frv. Allt það fé, sem til hefir fallið á framangreindan hátt, hefir ákærði látið renna saman við sjóð embættisins, að svo miklu leyti, sem það hefir eigi verið útborgað jafnóðum, og ávaxtað á bankareikning sínum, á meðan skifti stóðu yfir. Aðeins í örfáum búum hefir ákærður, svo sem áður er að vikið, ávaxtað fé fyrir búin nokkurn hluta þess tíma, sem það stóð inni hjá honum. Má þar sérstaklega benda á dánarbú Jóns Helgasonar frá Hjalla. Ákærður lagði 36000 kr. af fé greinds bús á innlánskírteini í Íslandsbanka 23. des. 1922, og hóf innstæðuna, ásamt áföllnum vöxtum, 23. júní 1924. Rann þá greindur höfuðstóll, ásamt áföllnum vöxtum, saman við aðrar inneignir búsins hjá ákærðum. Greint bú var undir skiftum frá því í ágúst 1922 til 8. marz 1926, og stafaði drátturinn af áf.ýjun. Samkvæmt vaxtaútreikningnum tilféll ákærðum kr. 4355,13 af búi þessu.

Auk þess fjár, sem að framan greinir, áttu allmörg bú, eink-

um eða eingöngu dánarbúin, inneignir í bönkum, ýmist í sparisjóðsbókum eða innlánsskirteinum, sem skiftaráðandi tók í sínar hendur. Þar af afhenti fyrirrennari hans í bæjarfógetaembættinu honum sparisjóðsbækur tilheyrandi 13 búum. Þar sem svona hefir staðið á, hefir ákærður haft þá aðalreglu, að hefja inneignir bókana og skirteinanna, í einu lagi, og láta höfuðstólinn, ásamt áföllnum vöxtum, renna saman við sjóð embættisins, ef ekki var um samtímis eða fyrirfram útborgun að ræða. Samkvæmt útdrætti úr aðalreikningsbók og höfuðbók, sem lagður hefir verið fram í málinu, og ákærður hefir viðurkennt réttan að tölum og dagsetningum, eftir samanburð við bækurnar, hefir ákærður hafið slíkar innstæður í 49 búum.

Ákærður hefir haldið því fram, að í þessum tilfellum hafi undantekningarlitið staðið svo á, að hann hafi verið búinn að greiða út peninga fyrir hlutaðeigandi bú, eða þurft að gera það samtímis, eða í nánustu framtíð, eða hann hafi ætlað að skifta búi bráðlega, þótt það færist stundum fyrir, sakir annarkis og af öðrum ástæðum.

Það er að vísu rétt, að í sumum búum hefir ákærður verið búinn að greiða fé út áður en hann hóf bankainnstæðu, eða greitt fé samtímis, eða skömmu á eftir. En samkvæmt aðalreikningsbók og höfuðbók er það algjör undantekning, að öll innstæðan sé greidd út samtímis og hún er hafin. Venjulegast hefir aðeins verið útborgaður einhver hluti hennar, oft hverfandi litill, og stundum ekkert fyrir en mánuðum eða jafnvel árum síðar. Oft hafa líka aðrar innborganir verið komnar í búin, sem nægt hafa fullkomlega til þess, að standast útborganir þær, sem fram hafa farið, fram að skiftalokum. Sem dæmi skulu nefnd: *Dánarbú Guðm. Benediktssonar*, bls. 228 í aðalreikningsbók: sparisjóðsinnstæður, kr. 1755,20, hafnar $\frac{2}{11}$ 1920. Ekkert greitt úr búinu fyrir en $\frac{10}{10}$ 1921, þá allt greitt í einu. *Dánarbú Einars Magnússonar*, bls. 111 í höfuðbók. Vottagjald kr. 2,00 útborgað $\frac{10}{7}$ 1920. Hinn $\frac{10}{8}$ s. á. hafin sparisjóðsinnstæða, kr. 2149,77. Síðan engar greiðslur fyrir en $\frac{11}{11}$ 1921, þá allt greitt út. *Dánarbú Jörunnar Jónsdóttur*, bls. 125 í höfuðbók. Sparisjóðsinnstæða, kr. 1867,61, hafin $\frac{21}{1}$ 1921 og peningar fundnir $\frac{23}{2}$ s. á., kr. 53,20. Útborganir samtals kr. 12,00 í febr. og marz s. á. Uppboðsandvirði innkomið $\frac{30}{12}$ s. á. rúmar 500 kr. Útborganir engar fyrir en í febr. 1923, þá allt borgað. *Dánarbú Guðbjartar Gestssonar*, bls. 156 í höfuðbók. Peningar, kr. 246,76, innborgaðir $\frac{23}{5}$ 1922. Sparisjóðsinnstæður sam-

tals kr. 4033,37 hafnar $24\frac{1}{5}$ 1922. Hinn $\frac{8}{6}$ s. á. koma inn rúmar kr. 140,00 í viðbót. Fyrsta útborgun, kr. 15,00, $\frac{2}{9}$ s. á. Næst greiddar út kr. 1000,00 $\frac{8}{9}$ 1924. Afgangur eigna greiddur $\frac{6}{12}$ 1924. *Dánarbú Guðrúnar Eyleifsdóttur*, bls. 268 í höfuðbók. Hafin sparisjóðsinnstæða, kr. 116,11, $\frac{5}{7}$ 1926. Sama upphæð útborguð $\frac{4}{12}$ 1928. Annars engar inn- eða útborganir. *Dánarbú Jensinu Hansen*, bls. 244 í höfuðbók. Hafin sparisjóðsinnstæða, kr. 1536,00, $\frac{14}{4}$ 1925, kr. 24,00 útborgaðar $\frac{8}{7}$ s. á. Uppboðsandvirði, kr. 500,00, innkomið $\frac{30}{12}$ s. á. Annars engin útborgun fyr en $\frac{11}{5}$ 1928. Ennfremur þykir rétt að benda á dánarbú Þorgríms Stefánssonar, db. Magnúsar Árnasonar, db. Freysteins Halldórssonar, þrotabú h/f Iðunn, db. Guðm. Jónassonar, db. Jóns Setberg og db. Morten Hansen. Í öllum þeim búum hafa bankainnstæður, sem ákærður hafði hafið, staðið inni hjá honum alllangan tíma. Lagður hefir verið fram í málinu útdráttur úr aðalreikningsbók og höfuðbók, sem sýnir færslur ákærðs í hinum tilvitnuðu búum, auk þess sem bækurnar sjálfar eru lagðar fram. Yfirleitt sýnist svo eftir bókunum, að all oft hafi eigi verið nauðsyn fyrir hendi, að hefja þær innstæður búa, sem stóðu á vöxtum, þegar ákærði gjörði það.

Ákærður hefir haldið því fram, að meðferð sín á búafé hafi verið fullkomlega lögmæt og hefir bent á ýmislegt til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni

Hann hefir bent á það, að þar sem skiftaráðendur og skiftafundir hafi einir ráðstöfunarrétt yfir búafé, sé skiftaráðendum eigi skylt að ávaxta það fyrir búin, nema lögmætur skiftafundur mæli svo fyrir. Kveðst hann ekki minnst þess, að nokkur skiftafundur hafi tekið slíka ákvörðun í sinni embættistíð. Á þessa skoðun verður eigi fallið. Hlutverk skiftaráðanda er vafalaust, að gæta hags bús í hvívetna, á meðan skifti standa yfir. Sú ráðstöfun hans, að ávaxta fé búsins fyrir sjálfan sig, leiðir beinlínis til fjártaps fyrir búið. Virðist því þurfa ótvírætt samþykki lögmæts skiftafundar, til þess að sú ráðstöfun geti talist lögmæt, og þar sem skiftaráðandi er samkvæmt stöðu sinni oddviti skiftafundar og er venjulega kunnastur meðferð bús eignanna, ber honum að vekja athygli skiftafundar á þessu atriði, og leita samþykkis hans, ef hann óskar eftir heimild til þess að ávaxta búaféð fyrir sjálfan sig.

Þá hefir ákærður bent á það, að aðalregla íslensks réttar sé sú, að greiða ekki vexti af fé, sem geymt er fyrir aðra eða fengið að láni, nema svo sé umsamið, eða leiði af viðskifta-

venju (bankar eða sparisjóður). Ennfremur að skiftalögin fyrir-skipa ekkert um ávöxtun búafjár.

Það er rétt, að skiftalögin hafa ekkert ákvæði um skyldu skiftaráðanda til þess að ávaxta búafé. Hinsvegar liggur það í hlutarins eðli, að skiftaráðandi, sem skipaður er af ríkisvald-inu til þess að gæta hags þeirra manna, sem hagsmuni eiga í búinn, og oft eru beinlínis þvingaðir til þess með lögum, að hlita forsjá hans, sbr. ákvæði skiftalaganna um skilyrði fyrir erfingjaskiftum, svo og gjaldþrotaskiftalögin, hlýtur að bera rikari skyldu til þess að ávaxta það fé, sem hann tekur í sín-ar hendur sem skiftaráðandi, heldur en einstaklingar, sem geyma fé í greiða skyni, eða fá fé að láni, án þess að samið sé um vaxtagreiðslu. Virðist einsætt, að skiftaráðandi geti eigi talizt hafa gætt hags bús til fullnustu, ef hann ekki hefir inn-eignir þess á vöxtum, þar sem því verður viðkomið, án áhættu eða mikillar fyrirhafnar, sérstaklega þar sem bankar eru við hendina, og lætur búið njóta vaxtanna. En sérstaklega virðist sjálfsagt, ef skiftaráðandi hefir í raun og veru haft búafé á vöxtum, að vextirnir renni til búanna sjálfra, en eigi skiftaráð-anda, nema sérstök heimild sé til annars.

Ákærður heldur því fram, að hann hafi í meðferð sinni á búafé stuðst við algenga venju annara skiftaráðenda, um að ávaxta eigi fé til hagsmuna fyrir búin. Þótt það breyti í raun og veru engu, um lögmæti og ólögmæti þeirrar aðferðar, sem ákærður hefir beitt, hvort aðrir hafi notað sömu aðferð eða eigi, þar sem verknaður verður að teljast jafn ólögmætur, ef hann á annað borð er það, þótt hann sé framinn af fleirum, þá þykir rétt að athuga nokkuð þau gögn, sem fyrir hendi eru, til upplýsinga venju annara skiftaráðenda í þessu efni.

Ákærður hefir lagt frám afrit af símskeyti, sem hann kveð-ur son sinn hafa sent bæjarfógetanum á Seyðisfirði. Þar er þess getið, að það sé venja skiftaráðanda í Reykjavík, að til-færa eigi vexti af inneign dánar- og protabúa hjá sér, nema verulegur dráttur á búskiftum hafi verið fyrirsjáanlegur og um verulegar upphæðir hafi verið að ræða. Spyr hann síðan, hver sé venja skiftaráðandans á Seyðisfirði í þessu efni. Samskon-ar símskeyti kveður ákærður son sinn hafa sent öðrum bæjar-fógetum landsins, nema bæjarfógetanum í Hafnarfirði. Lagði ákærður ennfremur fram svarskeyti 5 bæjarfógeta og vottorð frá bæjarfógetanum í Hafnarfirði.

Bæjarfógetinn á Akureyri kveðst fylgja sömu reglu um ávöxt-

un búafjár og skýrt sé frá í fyrirspurnarskeytinu, en tekur jafnframt fram, að peninga, sem hann hafi tekið á móti í byrjun skiftameðferðar, hafi hann jafnaðarlega látið standa í sérstökum sparisjóðsbókum fyrir reikning búsins, en greiðslur innkomnar eftir þann tíma láti hann ottast renna saman við sjóð embættisins, og greiði úr honum það, sem þarf, fyrir búin, meðan á skiftum standi. Bæjarfógetinn á Sigiufirði kveðst heldur ekki tilfæra búum vexti, en kveður aðra venjulega hafa haft innheimtu búa með höndum og ekki sé um aðra inneign að ræða. Búum sé skift þegar, þegar innheimtum hefir verið skilað, en ef einhver dráttur hafi orðið, hafi inneignir legið í kassa hjá sér Bæjarfógetinn á Ísafirði kveðst ekki tilfæra dánar- og þrotabúum vexti af inneign, nema verulegur dráttur á búskiftum hafi verið fyrirsjáanlegur eða um verulega fjárhæð að ræða eða vaxta krafizt.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum kveður aldrei hafa verið svo mikið búafé í sinum höndum, að eigi hafi verið meira reiðufé á skrifstofunni. Tekur fram, að rikissjóður hafi greitt 15000 kr. til bús nokkurs frá tíð Karls Einarssonar og eigi greitt vexti. Bæjarfógetinn á Seyðisfirði kveðst eigi greiða vexti af inneign búa, meðan skifti standa yfir, nema upphæðin nemi einhverju verulegu, sé fleiri þúsundir eða standi inni fleiri mánuði. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði kveðst eigi hafa talið sér skylt, að ávaxta eða svara vöxtum af búafé, nema verulegur dráttur hafi orðið eða verið fyrirsjáanlegur á skiftum og um verulegar upphæðir hafi verið að ræða.

Þá hafa verið lagðir fram í málinu staðfestir útdrættir úr embættisathugunum hjá 3 núverandi bæjarfógetum og sýslumönnum, sem sé bæjarfógetanum í Hafnarfirði og sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu.

Hjá hinum fyrstnefnda var aðeins eitt bú óskift, þegar skoðun fór fram í dezbr. f. á. Inneign búsins hjá skiftaráðanda, kr. 1616,99, var í sérstakri sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands.

Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafði í höndum inneignir 6 búa. Voru inneignirnar ýmist geymdar í sparisjóðsbókum, eða í umslögum, með utanáskrift búanna.

Hjá bæjarfógetanum á Akureyri voru 17 bú undir skiftum, þegar skoðun fór fram. Inneignir búanna voru samtals kr. 36,642,63, þar af hefir hann kr. 17,318,23 í sérstökum sparisjóðs-

bókum á nafn búanna. Hitt virðist standa í sjóði hjá honum með öðru fé embættisins.

Ákærður hefir lagt fram í málinu 4 frumvörp að úthlutunargjörðum í þrotabúum, sem skift hefir verið í Árnessýslu. Meðal eignaliða í þrotabúum þessum er eigi getið vaxta af inneign þeirra hjá skiftaráðanda. Hinsvegar virðist ekki útilokað, að vextir geti verið fölgir í einhverjum eignaliðum, þótt þess sé eigi sérstaklega getið, þar sem höfuðbókarútdrættir eru eigi fyrir hendi, og um venju téðs skiftaráðanda almennt verður engin ályktun dregin af þessum útdráttum.

Framangreindar upplýsingar um ávöxtun búafjár hjá greindum skiftaráðendum eru svo ónákvæmar, að alls ekki er unnt að sjá til nokkurrar hlitar, hver venja þeirra er í þessu efni. En hjá þeim flestum virðist það vera aðalregla, að ávaxta féð fyrir búin, ef um verulegan drátt á skiftum eða verulega fjárupphæð er að ræða, með öðrum orðum, þegar vextirnir skifta nokkru verulega. Skilgreining á því, hvað átt sé við með orðunum »verulegur dráttur« og »veruleg fjárhæð« hefir aðeins einn skiftaráðandi. Kveðst hann eiga við »fleiri þúsundir« og »fleiri mánuði«. Einn skiftaráðandinn virðist alltaf halda fénu aðskildu frá öðru fé embættisins.

Hér hefir aðeins verið rætt um venju núverandi skiftaráðenda hér á landi. En rétt er að geta þess, að samkvæmt aðalreikningsbók bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, löggilttri ^{28/4} 1905, virðast síðustu fyrirrennarar ákærðs í bæjarfógetaembættinu hafa haft þá aðalreglu, að reikna búum vexti af innstæðum hjá sér. Er það gert af upphóðsandvirði sem öðru fé. Penningar, sem greiðzt hafa inn til búa, hafa oft verið lagðir í sparisjóðsbækur fyrir búin, og föst regla virðist það hafa verið, að taka ekki fé út úr sparisjóðsbókum búa, nema til þess að greiða út jafnstóra upphæð.

Þá hefir ákærður fært það fram sér til varnar, að þrátt fyrir embættisskoðanir, sem fram hafi farið hjá sér, hafi hvorki skoðunarmennirnir né ríkisstjórnin fundið nokkuð athugavert við aðferð sína við ávöxtun búafjár.

Einn embættisendurskoðandinn, Klemens Jónsson, fyrv. landritari, hefir gefið yfirlýsingu, sem lögð hefir verið fram í þessu máli. Hann kveðst hafa skoðað tvisvar hjá ákærðum, þegar ákærður var bæjarfógeti á Seyðisfirði, en þó ekki hafa veitt því eftirtekt, að ákærður reiknaði eigi búum vexti af inneign hjá sér, en ef hann hefði veitt því eftirtekt, kveðst hann myndi

hafa bent honum á, að það væri eigi rétt. Kveður hann það skoðun sína, að ávaxta beri fé fyrir búin sjálf, ef um ávöxtun sé að ræða.

Um álit hinna endurskoðendanna um þetta atriði eru engar upplýsingar í málinu.

Um viðneskju þeirra stjórna, sem setið hafa við völd á embættistímabili ákærðs, um meðferð hans á búafé, skal ekkert fullyrt, eða um skoðun þeirra á atriðinu. Líklegast má þó telja, að þeim hafi ekki verið kunnugt um það, því engin teljandi skoðun mun hafa farið fram á starfsemi ákærðs sem skiftaráðanda hér í Reykjavík, og engin skýrsla gefin um hana til ríkisstjórnarinnar.

Hér að framan hefir verið lýst nokkuð því framferði ákærðs, sem tilefni hefir gefið til málshöfðunar gegn honum, jafnframt því, að gjörð hefir verið grein fyrir þeirri skoðun hans, að um lögmætt framferði hafi verið að ræða, og helztu ástæður fyrir henni raktar og athugaðar. Með skirskotun til framanritaðs, er skoðun réttarins sú, að í stöðu ákærðs sem skiftaráðanda hafi verið fölginn skylda til þess að hafa inneignir dánar- og þrotabúa á vöxtum og láta búin sjálf njóta vaxtanna, yfir þann tíma, sem búin voru undir skiftum, sérstaklega með tilliti til þess, að bankar voru við hendina, sem hættulaust virðist að láta geyma féð. Til þess að ávaxta féð til hags fyrir sjálfan sig, hefði hann átt að leita samþykkis lögmæts skiftafundar. Hinn ákærði hefir verið sakaður um brot gegn ákvæðum 13. kap. hinna alm. hegningarlaga og ákæran gegn honum ein-skorðuð innan takmarka greinds kapitula. Verður því að athuga, hvort hann getur talizt sekur um brot gegn ákvæðum þess kapitula.

Það framferði ákærðs, sem rannsaka þarf, hvort telja beri refsivert, má aðgreina í þrjú:

1°. að taka sér ekki fram um að ávaxta búafé, búunum til hags,

2°. að taka sjálfur þá vexti, sem búaféð hefir raunverulega gefið, á meðan það stóð í hendi honum, og

3°. að taka inneignir búna úr bönkum og sparisjóðum og flytja þær í sjóð embættisins og sinn eigin bankareikning, til ávöxtunar fyrir sjálfan sig.

Ad. 1°. Verður að visu að telja vanrækslu, að því er kemur til búna, sem eiga svo miklar fjárhæðir, eða búaskifti taka svo langan tíma, að ávöxtun fjárens sé fjárhagsatriði fyrir búið,

sem máli skifti. En ekki virðist sú vanræksla verða talin refsiverð, út af fyrir sig.

Ad. 2°. Í þessum lið er átt við allt það fé, sem runnið hefir inn til búa, án þess að vera á vöxtum áður (ad. 3°. undantekið). Hefir fé þetta numið allstórum upphæðum í sumum búum og oft staðið inni um langan tíma, stundum svo árum skiftir. Það er vitavert af skiftaráðanda, að taka vexti af fé þessu til sjálfs sin, án þess að fá til þess beint samþykki aðilja í búunum. Ákærður hefir haldið því fram, að aðiljar hafi aldrei, að einu tilfelli undanskildu, gert athugasemdir við úthlutanir, vegna þess að eigi hafi verið reiknaðir vextir af innstæðunni hjá sér, og telur í því fólgið samþykki hlutaðeigenda til vaxtatöku skiftaráðanda. Bendir hann á, að lögfræðingar hafi oft verið umboðsmenn aðilja, en hafi samt eigi gert nokkrar athugasemdir í framangreinda átt. Rétturinn verður að álita, að það hafi verið skylda skiftaráðanda sjálfs, að benda hlutaðeigendum á þetta atriði, og fá beint yfirlýst samþykki þeirra til vaxtatökkunnar. Að þeir hefja ekki mótmæli að fyrra bragði, getur stafað af því, að þeir ekki hafi veitt þessu athygli. Á það benda t. d. ummæli Magnúsar Guðmundssonar, fyrv. ráðherra, á Alþingi 1928, Alþt. B. 1928, bls. 4753. Hann kveðst hafa verið viðriðinn þó nokkur skifti hér í bænum, og heldur samt, að skiftaráðandi hafi engar vaxtatekjur af geymslu fé búa, enda álitur hann vextina eiga að ganga til þeirra, sem féð eiga. Þar að auki er alltitt, að enginn mæti á skiftafundum. Er þá enginn til þess að samþykkja eða mótmæla, nema skiftaráðandi sjálfur. Stundum er bókun í skiftagjörðum þannig, að eðlilegt er að menn veiti því eigi athygli, að vextir séu eigi reiknaðir af inneign hjá skiftaráðanda. Má í því sambandi nefna sem dæmi skiftagjörð í dánarbúi Önnu Stephensen. Fullnaðarskifti í því búi fara fram ³⁰/₁₀₀ 1928. Einn eignaliðurinn er nefndur: »Vextir og arður meðan stóð á skiftum« kr. 17,192,75. Við athugun á höfuðbók sézt, að hér er aðeins átt við vexti og arð, sem greiðst hefir inn til skiftaráðanda af ríkisskuldabréfum, veðeildarbréfum og öðrum arðbréfum búsins, en ekki vextir af inneigninni hjá skiftaráðanda. Eftir vaxtaútreikningnum námu vextir og vaxtavextir af inneigninni hjá skiftaráðanda kr. 8000.00. Mjög lík þessu er bókunin í dánarbúi Jóns Helgasonar frá Hjalla, en þar ávaxtaði ákærður nokkurn hluta inneignarinnar á innlánsskirteini, nokkurn hluta skiftatímabilsins, svo sem fyrr segir.

Það verður því ekki á það fallizt, að ákærður hafi getað álitíð sig hafa nægilegt samþykki aðilja, til þess að taka sjálfur til sín vextina. Virðist ákærður með því framferði, sem heyrir undir þennan lið, hafa brotið gegn ákvæðum 142. gr. alm. hegningarlaga.

Ad. 3°. Sú aðferð ákærðs, sem getur undir þessum lið, hefir verið rædd nokkuð að framan og tekin ýms dæmi. Virðist engum vafa undirorpið, að vitavert er af skiftaráðanda að taka fé, sem stendur á vöxtum fyrir búin, og ávaxta það fyrir sjálfan sig, án þess að hafa til þess yfirlýst samþykki allra hlutaðeigenda, eða féð sé þegar greitt af hendi. Þegjandi samþykki hlutaðeiganda getur tæplega verið um að ræða í þessu tilfelli, því í úthlutunargjörðinni er venjulega bókað, þegar svona stendur á, meðal eignaliða: »Hafin sparisjóðsinnstæða með vöxtum«, eða bara: »sparisjóðsinnstæða með vöxtum«. Er eðlilegt, að aðiljar hafi skilið þessar bókanir þannig, að vextir væru reiknaðir til skiftadags og innstæðan nýhafin; sem dæmi má nefna: Dánarbú Morten Hansen. Sparisjóðsinnstæður og vextir, samtals kr. 43,130,28, var hafið af skiftaráðanda 24. septbr. 1923. Á lokaskiftafundinum 15. júlí 1925 er bókað sem eignaliður 3: Hafin sparisjóðsinnstæða með vöxtum, kr. 43,130,28.

Sá verknaður, sem lýst er undir þessum lið, virðist hegningarverður og ber að heimfæra hann undir 142. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærður hefir því, með framferði því, sem lýst er undir liðunum 2 og 3 hér að ofan, að áleti dómarans, brotið gegn ákvæðum 142. gr. hinna alm. hegningarlaga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 17. janúar 1866 og hefir aldrei sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot. Refsing sú, sem hann hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi, en með tilliti til þess, að ákærður hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, að hann hefir setið í vandasömum embættum um langan tíma, og að almanni dómi rækt þau að mörgu leyti þrýðilega, að það má að nokkru leyti kenna það eftirlitsleysi landsstjórna, að hann hefir haldið áfram framferði því, sem hann er sakfeldur fyrir, að ákærðum virðist hafa verið gefið lítið tilefni til þess frá öðrum, að breyta umgetinni venju sinni, þykir mega ákveða, samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og að hún skuli

falla niður að 5 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, ef ákærður fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Í máli þessu hefir engin skaðabóta- eða endurgreiðslukrafa komið fram. Og þar sem aðiljar að slíkum kröfum munu allmargir, dreifðir og ókunnir, hefir ekki þótt rétt, að fresta lyktun málsins, þótt slíkar kröfur kynnu að koma fram.

Ákærður greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 10. okt. 1930.

Nr. 110/1929. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Walter Harrison (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 10. sept. 1929: Kærður, Walter Harrison, greiði 17000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 9 mánaða og 8 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan þriggja sólarhringa frá birtingu dóms þessa. Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru í botnvörpunum H. 427 »Castlethorp« frá Hull, sé upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, og ekkert þykir athuga-vert við, ber að staðfesta dóminn, þó með þeim breytingum, að sektin ákveðst 16000 kr., er afplánist með átta mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, og að sýkna verður kærða af kröfu valdstjórnarinnar um